

## Eldvarnastefna Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Eldvarnastefna fyrir stofnanir Sveitarfélagsins Hornafjarðar felur í sér að viðhalda eldvörnum og reglubundnu eldvarnaeftirliti. Hver stofnun skal tilnefna eldvarnafulltrúa og einn til vara sem heldur utan um reglulegt eftirlit með eldvörnum í stofnuninni.

### Markmið:

Markmið eldvarnastefnu sveitarfélagsins er að auka skilning og öryggi starfsmanna, skjólstæðinga og viðskiptavina með það að leiðarljósi að draga úr líkum á tjóni á rekstri og eignum og viðhalda fjárfestingu sem liggur í eldvarnabúnaði.

### Eftirlit og eftirfylgni.

1. Að fela eldvarnafulltrúa/eldvarnafulltrúum að framkvæma mánaðarlegt og árlegt eldvarnaeftirlit samkvæmt gátlistum og gera úrbætur í samræmi við ábendingar, sbr. [reglugerð nr. 723/2017 um eldvarnir og eldvarnaeftirlit](#).
2. Að greina og draga úr eldhættu í samvinnu við starfsmenn og eftir atvikum utanaðkomandi ráðgjafa.
3. Að innleiða verklagsreglur Eldvarnabandalagsins um logavinnu. Logavinna fer ekki fram í húsnæði stofnunar nema samkvæmt logaleyfi sem byggir á verklagsreglum.
4. Að veita starfsfólki fræðslu um grunnatriði eldvarna og brýna fyrir því að lagfæra það sem aflaga fer eða láta næsta yfirmann vita af hugsanlegum ágöllum.
5. Að hafa ávallt í gildi rýmingaráætlun, uppfæra hana eftir þörfum og æfa reglulega eða eigi sjaldnar en árlega.

Framkvæmd eldvarnastefnu er á ábyrgð forstöðumanns hvers stofnunar fyrir sig.

Kynna skal eldvarnastefnu fyrir starfsfólki og brýna fyrir því ábyrgð alls starfsfólks á eftirliti með eldvörnum.